# Mál nr. 46/2011

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/A**

**og**

**Vátryggingafélagið Y v/B**

**Árekstur þann 17.01. 2011.**

**Gögn.**

1) Málskot móttekið 08.02. 2011.
2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.02. 2011.
3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.03. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.
Bifreiðunum var ekið niður Lágmúla þegar ökumaður A gaf stefnuljós til vinstri og beygði síðan þegar bifreiðinni B var ekið fram úr og árekstur varð. B var ekið inn í hlið A.
Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera meginsök á árekstrinum þar sem hann hafi ekki gætt nægjanlega að umferð sem á eftir kom.
Vátryggingfélag A telur að meirihluti sakar eða alla sök skuli leggja á ökumann B vegna aukinnar skyldu til að sýna aðgæslu við framúraksturinn.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 1/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð áður en hann beygði. Ökumaður B ber meginhluta ábyrgðar þ.e. 2/3 hluta sakar fyrir ógætilegan framúrakstur. Skilyrði til framúraksturs voru ekki fyrir hendi nema samkvæmt aukinni aðgæslu. Þessa var ekki gætt.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.